

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 8. apríl 2021
UST202102-463/H.G.
07.05.02

Málslok

Við er til bréfs dags. 4.3.2021 þar sem markaðssetning vörunnar, *Saltsýra (33%)*, var stöðvuð tímabundið í ljósi þess að umbúðum og merkingum vörunnar var ábótavant skv. 32. gr. efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Þann 23. mars sl. barst Umhverfisstofnun staðfesting frá Málningu ehf., sem er ábyrg fyrir markaðssetningu vörunnar, að varan *Saltsýra (33%)* hefur verið endursend frá sölustöðum til birgis. Jafnframt hefur Málning ehf. ákveðið að taka vöruna af markaði og hætta alfarið sölu hennar. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu dags. 4. mars sl. og um tímabundnu stöðvunina sem voru birtar á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Að framansögðu telst eftirfylgnimáli því sem hófst með bréfi dags. 4. mars 2020 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var um að ræða eftirliti með *Saltsýru 33%* og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Málning hf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 26.400.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur